

Aðrar skuldir:

Innlent lánsfé endurlánað	369 493 371,03
Innheimt fé fyrir aðra	4 439 967,26
Áfallnir og fyrirframgreiddir vextir	9 991 141,58
Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna	8 606 548,32
Ýmsar skuldir	10 511 352,32

 403 042 380,51

 Skuldir samtals 1 971 324 601,73

Eigið fé:

Hlutfé	28 125 000,00
Varasjóður	17 176 925,70
Endurmatsreikningur	82 722 884,02
Óráðstafað eigið fé	12 324 584,60

 140 349 394,32

 Skuldir og eigið fé samtals 2 111 673 996,05

Utan efnahagsreiknings:

Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	58 056 616,55
-------------------------------------	---------------

SAMÞYKKT**um sorphreinsun í Eyrarbakkaheppi.**

1. gr.

Eyrarbakkaheppur annast eða býður út sorphreinsun frá íbúðarhúsnæði og opinberum þjónustubyggingum innan skipulagðra svæða á Eyrarbakka. Hreinsun sorps og úrgangs frá atvinnuhúsnæði og húsnæði utan skipulagðra svæða annast húseigendur sjálfir á sinn kostnað nema annað sé sérstaklega ákveðið af hreppsnefnd.

Sorphreinsun fer fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og undir eftirliti heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Sorp sem fellur til daglega skal láta í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir. Pokunum skal komið fyrir í þar til gerðum sorpskáp eða sérstakri grind með viðeigandi frágangi og loki yfir. Húseigandi ber allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorpskápa og sorpgrinda og ber að sjá um að grindur eða skápar séu í góðu ásigkomulagi. Sorphirslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphreinsunarmenn og húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum, sorpgrindum og sorpskápum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

3. gr.

Húseiganda ber að sjá um, að húsi hans fylgi nægjanlega mörg sorpílát, sem endurnýjuð skulu eftir þörfum. Skal hverju húsi fylgja a. m. k. eitt ílát fyrir hverja íbúð. Húseiganda ber að skipta um poka fyllist þeir milli tæminga og ganga þannig frá þeim, að sorp hrynji ekki úr þeim.

4. gr.

Í sorppoka má setja venjulegt heimilissorp, en gæta skal þess sérstaklega að offylla þá ekki né ofþyngja á þann hátt að erfitt verði að loka þeim eða að hætta sé á að þeir rifni. Sorp skal láta vel ofan í poka, varast að það hangi yfir pokarönd eða dreifist umhverfis sorphirslur og valdi óþrifum. Öllu blautu sorpi svo og oddhvössum hlutum skal pakkað vel inn áður en slíkt er sett í sorpílát.

Mold, mül, grjót og svipuð efni má ekki setja í sorppoka, heldur skal flytja þau á ákveðið svæði samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar. Á sama hátt má ekki setja eldfima vökva, svo sem olíu og bensín, í sorpílát, hvorki laust né í umbúðum. Sorphreinsunarmönnum er heimilt að skilja eftir poka, sem fylltir eru um of, rifnir eða svo þungir að hætta sé á að þeir rifni.

5. gr.

Hreinsun sorps skal að jafnaði fara fram einu sinni í viku. Hreinsunarmenn afhenda nýja poka í stað þeirra sem þeir taka. Fjöldi afhentra poka skal miðaður við reynslu, þannig að nægi að jafnaði milli hreinsana. Húseigendur eiga rétt á að fá poka gegn greiðslu umfram framangreint magn.

6. gr.

Sorphreinsunarmenn annast hreinsun á öllu sorpi sem er í pokum, einnig tilfallandi eðlilegum úrgangi, svo sem umbúðum af heimilistækjum og hlutum, sem rúmast illa í pokum, enda séu þessir hlutir auðveldir í meðförum fyrir einn mann. Allt umfangsmeira sorp, svo sem frá byggingum og málmíðnaði, bílhræ og allt brotajárn, skal hver hlutaðeigandi fjarlægja á eigin kostnað á ákveðið afmarkað svæði, samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar.

Bannað er að urða olíuleifar og önnur efni, sem mengað geta jarðveg. Skal slíku sorpi brennt eða því eytt á annan hátt, eftir því sem kostur er og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Einu sinni á ári skal fara fram flutningur á garðsorpi og öðrum úrgangi, sbr. 4. gr. og 6. gr., húseigendum að kostnaðarlausu. Skal sá flutningur fara fram að vori og skal sveitarstjórn auglýsa rækilega fyrirkomulag og tímasetningu flutninganna.

8. gr.

Við flutning á hvers konar sorpi, úrgangi, jarðefnum og öðrum lausum efnum skal þess gætt, að þannig sé um flutninginn búið að eigi sé hætta á að fjúki eða falli af flutningstæki.

9. gr.

Allur kostnaður við almenna sorphreinsun greiðist úr sveitarsjóði. Fyrir hverja íbúð og hvern sumar bústað á skipulögðu svæði skal þó greiða eitt sorphreinsunargjald á ári. Fjöldi hreinsunargjalda fyrir opinberar þjónustubyggingar, svo sem verslanir, fangelsi og skóla, skal fara eftir mati á umfangi sorphreinsunar frá þessum stöðum. Mat þetta skal gert af sveitarstjórn í samráði við húseiganda. Upphæð gjalds samkvæmt grein þessari skal ákveðin í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir.

10. gr.

Hafi húseigandi fram að færa kvörtum vegna sorphirðunnar skal hann koma slíkri kvörtun til skrifstofu Eyrarbakkahepps.

11. gr.

Brjótí húseigandi gegn ákvæðum samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu hreinsunarmenn tilkynna það skrifstofu Eyrarbyggis. Skulu heilbrigðisfulltrúi eða heilbrigðisnefnd hlutast til um að húseigandi verði gert að ráða bóta á slíku innan tiltekins frests og geta sorphreinsunarmenn neitað að taka sorp hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bætt. Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim muni.

12. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

13. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Eyrarbyggis staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Húseigendur á Eyrarbakka skulu útvega sér ílát fyrir sorppoka sem allra fyrst. Skulu þeir allir hafa fengið sér slík sorpílát eigi síðar en 30. september 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. maí 1984.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ**fyrir sorphreinsun í Eyrarbyggis fyrir árið 1984.**

1. gr.

Upphæð sorphreinsunargjalds í Eyrarbyggis fyrir árið 1984, skal vera kr. 1 175,00 fyrir hverja íbúð og hvern sumarbústað sbr. 9. gr. samþykktar um sorphreinsun í Eyrarbyggis sem staðfest var 7. maí 1984.

Gjaldið skal að þessu sinni innheimtast með síðasta hluta fasteignagjalds 15. maí 1984.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá hreppsnefndar Eyrarbyggis staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 7. maí 1984.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.